



Menntun landvarða

Niðurstöður frá málþingi um menntun landvarða 19. febrúar 2020

Tekið saman og gefið út af stjórn Landvarðarfélagsins 2019-2020

Inngangur

Seinustu ár hafa störf landvarða vaxið og þróast. Landverðir eru nú mun fleiri en áður og það sama má segja um þá gesti sem hafa sótt heim íslenska náttúru og menningarminjar. Þetta hefur kallað á breyttar leiðir í landvörslu og í dag byggist starfið mikið upp á upplýsingarmiðlun og fræðslu. Vinsældir landvarðastarfsins hafa einnig vaxið og seinustu ár hefur árlegt landvarðanámskeið Umhverfisstofnunnar verið full setið og mikil eftirspurn eftir því. Allt þetta kallar á auknar kröfur til hæfni, þekkingar og menntunar landvarða.

Haustið 2018 gerði Fræðslumiðstöð atvinnulífsins starfaprófil fyrir landvarðastarfið að beiðni Háskóla Íslands. Vinnan að starfaprófilnum og niðurstöðurnar undirstrika hversu fjölbreytt og margþætt störf landvarða eru, sem gerir menntunarkröfurnar enn flóknari. Seinustu ár hefur umræða um menntun landvarða aukist meðal stéttarinnar. Stjórn Landvarðafélagsins ákvað þess vegna að efna til málþings um menntun landvarða. Markmið málþingsins var að fá skipulagða umræðu félagsmanna um menntunarmál í þeirri von að geta dregið fram helstu atriði og þannig að varpa skýrara ljósi á væntingar landvarða til menntunarmála og mikilvægustu þætti hennar.

Menntun landvarða

Samkvæmt reglugerð Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins nr. 190/2019 um landvörslu skal Umhverfisstofnun í samráði við aðrar stofnanir halda árlegt námskeið sem veitir landvarðaréttindi. Umhverfisstofnun skal einnig halda utan um endurmenntun landvarða og um samninga við aðrar menntastofnanir sem veita landvarðaréttindi og passa að námsskrá Umhverfisstofnunar sé höfð til hliðsjónar. 2. grein reglugerðarinnar útlistar fimm grunnþætti sem landvarðanámskeið skal byggt á og eru þeir eftirfarandi.

- a. *Náttúruvernd, stjórnsýslu náttúruverndar og hlutverk landvarða í náttúruvernd.*
- b. *Verndargildi friðlýstra svæða, náttúru, menningu og sögu.*
- c. *Náttúrutúlkun og fræðslu á náttúruverndarsvæðum.*
- d. *Landvörslu, dagleg störf, vinnustaðinn, samskipti og upplýsingagjöf.*
- e. *Öryggismál.*

Umhverfisstofnun heldur 110 klukkustunda námskeið sem hefst í lok janúar og líkur í lok febrúar ár hvert og kostar það 155.000 krónur. Hámarksfjöldi nemenda er 35 en í ár voru 42 nemendur teknir inn vegna eftirspurnar. Eins og fram hefur komið hafa vinsældir námskeiðsins aukist seinustu ár. Í dag eru þrjár stofnanir auk Umhverfisstofnunar sem veita landvarðaréttindi. Þetta er Háskóli Íslands sem veitir

réttindi að loknum 6 eininga áfanga sem heitir Friðlýst svæði, landvarsla og stjórnun í Líf- og umhverfisvísindadeild og Jarðvísindadeild. Til að tryggja réttindin þarf viðkomandi einnig að ljúka BS-námi (180 einingar) í landfræði, ferðamálafræði, líffræði eða jarðfræði. Háskólinn á Hólum er með svipað fyrirkomulag og Háskóli Íslands. Þar er boðið upp á 6 eininga áfanga sem veitir landvarðaréttindi. Áfanginn er skylda í BA- og grunndiplómanámi í Ferðamálafræði. Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri veitir síðan landvarðaréttindi að loknu BS-námi í Náttúru- og Umhverfisfræði/þjóðgarða og verndarsvæða.

Málþingið

Stjórn landvarðafélagsins efndi til málþings 19. febrúar 2020 á Hótel Íslandi. Málþinginu var varpað á facebooksíðu Landvarðafélagsins þar sem allir sem vildu gátu fylgst með. Málþingið hófst kl. 19:00 með ávarpi Guðmundar Inga Guðbrandssonar Umhverfis- og auðlindarráðherra og var þinginu formlega slitið kl. 22:10. Í upphafi þingsins var stiklað á stóru um núverandi menntunarmöguleika landvarða til að gefa smá yfirsýn. Eftir það var hugarkort sem var unnið af stjórn landvarðafélagsins kynnt í þeim tilgangi að efla umræðuna í umræðuhópunum sem stóð í um það bil eina og hálf klukkustund. Í lokin voru svo umræðurnar teknar saman í gegn um vefforritið Mentimeter sem gaf þeim sem fylgdust með á netinu tækifæri til að taka þátt.

Þátttakendur

Málþingið var vel sótt og einn af fjölmennari viðburðum Landvarðafélagsins seinustu ár. Þegar mest var voru um 45 í salnum en um 35 tóku virkan þátt í umræðunum. Þegar mest var voru það 26 sem fylgdust með á Facebook. Fjölbreytni hópsins í sal var góð með blöndu af nýjum, gömlum, og verðandi landvörðum ásamt öðrum sem koma að menntun landvarða. En grunnurinn var starfandi landverðir.

Umræðuhóparnir

Skípt var upp í fimm umræðuhópa með hámark 6 í hóp. Gengið var úr skugga að hóparnir innihéldu sem fjölbreyttastan hóp einstaklinga. Eftir að hugarkortið var kynnt var umræðan í hópunum frjálss í 45 mínútur. Eftir 45 mínútur voru hópunum gefnar spurningar sem eru taldar upp hér að neðan. Þeim var ætlað að svara í sameiningu spurningunum út frá þeirri umræðu sem átti sér stað í hópnum. Hóparnir fengu um 20 mínútur til að komast að niðurstöðu.

- ❑ Kostir núverandi fyrirkomulags? (3 atriði)
- ❑ Gallar núverandi fyrirkomulags? (3 atriði)
- ❑ Þrír mikilvægustu þættir í menntun landvarða?

- ❑ Hugmyndir fyrir endurmenntun? (3 atriði)
- ❑ Framtíðarsýn?
- ❑ Hver á að hafa umsjón með menntun landvarða?

Gagnasöfnun

Eins og fram hefur komið var notast við vefforritið Mentimeter til að taka saman niðurstöðurnar. Mentimeter gaf hópnum og þeim einstaklingum sem fylgstu með á Facebook tækifæri til að svara spurningunum í gegn um internetið og birti svo niðurstöðurnar um leið á glærum sem var varpað upp. Forritið flokkar eftir bestu getu þau svör sem koma oftast fyrir og gera svörin missýnileg eftir tíðni. Þetta gaf okkur möguleika á að sjá grunnniðurstöðu málþingsins strax og um leið gefið þeim sem fylgdust með í gegn um Facebooksíðu Landvarðafélagsins tækifæri til að taka þátt. Í gegn um Mentimeter voru einnig lagðar fram eftirfarandi viðbótarspurningar þar sem allir sem höfðu síma eða tölvu gátu svarað. Í þeirri spurningu voru þátttakendur beðnir um að forgangsraða þeim fimm atriðum sem koma fram í 2. grein reglugerðarinnar sem voru útlustuð í upphafi þessarar skýrslu.

Að lokum voru lagðar fram tvær ótengdar og minna alvarlegar spurningar hvað varðar málþingið sjálft og genasamsetningu landvarða. Þar kom í ljós að málþingið þótt almennt takast vel og að svo virðist sem að landverðir líti á sig sem örlítið skrítna, ekki sérstaklega úthverfa en almennt samvinnuþýða, víðsýna, jafnlynda og samviskusama.

Í lok málþingsins voru punktum umræðuhópanna safnað saman og þátttakendur hvattir til að senda frekari athugasemdir á stjórn Landvarðafélagsins.

Niðurstöður

Mentimeter gaf einungis grunn niðurstöður á glærunum. Forritið er ekki hannað fyrir íslensku og gat því einungis parað saman þau orð sem voru nákvæmlega eins skrifuð. Þannig er nauðsynlegt að skoða betur grunnupplýsingarnar og telja saman orð sem eru kannski mismunandi skrifuð eða hafa sömu eða svipaða merkingu. Hér að neðan verða því svör hverrar spurningar greind í þeim tilgangi að draga fram mikilvægust atriðin.

Kostir núverandi fyrirkomulags?

- 10 svör bárust 5 frá umræðuhópum í sal og 5 yfir netið.

Orð tengd *fjölbreytni* komu oftast fram í þessari spurningu. Næst á eftir fylgdu eftir orð tengd *aðgengi* að námskeiðinu. Þessir tveir þættir voru greinilega mikilvægastir en aðrir þættir eins og *gagnsemi* og *víðfeðmi* komu sjaldnar fyrir. En einnig komu fram orð eins og *aðgengi úr háskóla* og *stutt* fram í svörum.

Gallar núverandi fyrirkomulags?

- 10 svör bárust 5 frá umræðuhópum í sal og 5 yfir netið

Orð tengd *ósamræmni* voru mun algengari en önnur orð hér. Á eftir ósamræminu fylgdu síðan eftir orð tengd *ómarkvissu*. Einnig komu nokkrum sinnum fram orð tengd *skorti á fræðslu* og eins og *staðarfræðslu*. Önnur orð sem komu fram voru *gerviréttindi*, *misgagnlegt*, *endurtekningar* og *meira verklegt*.

Þrír mikilvægust þættir menntunar landvarða?

- 10 svör bárust 5 frá umræðuhópum í sal og 5 yfir netið

Hér kom *náttúrutúlkun* eða *umhverfistúlkun* oftast fyrir en ekki langt á eftir komu orð tengd *samskiptum* og svo *náttúruvernd* og *fræðsla*. Allir þessir þrír þættir hafa sterka tengingu þar sem náttúrutúlkun er tegund fræðslu í þágu náttúruverndar sem fer fram með samskiptum. Önnur orð sem komu fram þarna voru *lagarammi*, *reglur*, *verklegt* og *umhyggja*.

Hugmyndir að endurmenntun

- 10 svör bárust 5 frá umræðuhópum í sal og 5 yfir netið

Hér kom orðið *samskipti* oftast fram. *Sérhæfing* kom einnig fyrir oftast en einu sinni og orð tengd því eins og *stígagerð*, *jöklanámskeið*, *jaðartímalandvarsla*, *ný nálgun í náttúrutúlkun*, *lög* og *reglugerðir* og *öryggismat*. Talsvert af orðum tengdum kennsluformi endurmenntunar komu fram eins og *örnámskeið*, *helgarferðir*, *dagsferðir*, *verklegt*, *fræðsluerindi*, *viðbótarnám*, *árleg upprifjun*, *myndbönd* og *skiptilandvarsla*.

Framtíðarsýn landvarðamenntunar?

- 11 svör bárust 5 frá umræðuhópum í sal og 6 yfir netið

Úr 11 framtíðarsýnum kom einhverskonar skipting náms fram í 9 framtíðarsýnum. Þar af kom orð eins og *sérhæfing* oftast fram ásamt þrepa skiptingu og grunnnám og framhaldsnám. Tengt þessu kom einnig fram mikilvægi þess að halda í fjölbreyttan bakgrunn landvarða og hæfni þeirra í fimm framtíðarsýnum.

Heilsárslandvarsla kom fram í þremur framtíðarsýnum. Samræmd námskrá fyrir grunnnám kemur fram í einni framtíðarsýninni sem og skiptilandvarsla.

Hver á að hafa umsjón með menntun landvarða?

- 12 svör bárust 5 frá umræðuhópum í sal og 6 yfir netið

Af 12 svörum sem bárust þá voru 6 sem sögðu Þjóðgarðastofnun. Eitt af þeim svörum var Þjóðgarðastofnun og menntastofnanir. Eitt svar var háskólarnir og einn svaraði, sé í höndum ríkisstofnana. Það var einn sem svaraði að hafa ætti allt á einum stað. Að lokum komu svörin Náttúruvernd Íslands og Náttúruverndsklan sem er líklega ritvilla og hefur einnig átt að vera Náttúruvernd Íslands.

Forgangsraðið eftirfarandi þáttum í námi landvarða?

- 28 svör bárust en hér svaraði hver og einn fyrir sig.

Á myndinni hér að neðan sést hvernig fjórir efstu þættirnir eru mjög jafnir. Við nánari greiningu á gögnunum kom í ljós að 13 einstaklingar settu náttúruvernd, stjórnslu náttúruverndar og hlutverk landvarða í náttúruvernd í efsta sæti. Næstum helmingi færri settu náttúrutúlkun og fræðslu á náttúruverndarsvæðum í efsta sæti. Þessi þáttur skoraði aftur móti hæst samanlagt í 1. og 2. sæti. Það voru einum fleiri eða 5 aðilar sem settu verndargildi friðlýstra svæða, náttúru, menningu og sögu ofar en landvörslu, dagleg störf, vinnustaðinn, samskipti og upplýsingagjöf. Hinsvegar þá var þessi þáttur einungis einu stigi neðar en efsti þátturinn þegar fyrstu 2 sætin eru tekin saman. Einn einstaklingur setti Öryggismál í efsta sæti en eins og sést á myndinni þá var Öryggismálum almennt raðað í neðri sætin.



Skriflegir punktar frá umræðuhópum og aðrar greinagerðir

Eftir málþingið var skriflegum punktum frá umræðuhópnum safnað saman en hóparnir skiluðu allt frá nokkrum orðum upp í eina blaðsíðu. Einnig barst Landvarðafélaginu ýtarlegri punktar frá tveimur aðilum sem sátu málþingið. Hér að neðan eru helstu atriði sem ekki hafa komið fram áður tekin saman undir þremur flokkum.

Aðgengi að náminu

- Endurmenntun þarf að vera aðgengileg og tryggja þarf möguleika á niðurgreiðslu eða veita að kostnaðarlausu.
- Miklar kröfur um nám og takmarkað aðgengi fyrir einstaklinga í nærsamfélaginu getur búið til SAS (sérfræðingur að sunnan) stimpil í nærsamfélagi friðlýstra svæða.
- Stór hluti starfssvæða óaðgengilegur á veturna og því ekki grundvöllur fyrir löngu námi í faginu
- Hvert er gildi einkunna og prófa? Þeir sem eru hæstir á prófum ekki alltaf bestir í samskiptum.

Uppsetning náms

- Grunnám landvarða þarf að vera fræðilegt nám um alla þætti náttúru- og umhverfisverndar, allt frá lögum og reglum um náttúruvernd til hegðunar ferðamanna. Grunnmenntun þarf einnig að innihalda skyndihjálp og almenna öryggisstjórnun.
- Framhaldsnám á að vera sérhæfing til dæmis í formi staðfræðslu, stjórnunar og skipulags, gestastofu, stígagerðar eða sérstökum einkennum náttúrunnar.
- Námið má ekki vera of langt þá er hættu á að þessu fjölbreytti bakgrunnur landvarða minnki.
- Landvörður þarf að fá menntun í vinnu á vettvangi og menntun í almennri fræðilegri náttúru- og umhverfisvernd.
- Bandaríkin gera kröfu um BS-gráðu og auknar kröfur kalla á aukna menntun.
- Endurmenntun oftast í smærri hópum.
- Kennslumyndbönd með verklegum þáttum eins og hvernig á að setja upp staura eða stikur.
- Líta út fyrir landsteinana varðandi samræmingu menntunar og kannski í átt að menntun leiðsögumanna.
- Meira samræmi auðveldar samskipti og flutning milli svæða.
- Tryggja þarf tíma fyrir landvörð til að kynna sér nýtt svæði og byggja upp þekkingu til fræðslu á nýjum svæðum.

- Sumir vilja bara vera hefðbundinn landvörður á einum stað á meðan aðrir vilja sérhæfa sig.

Annað

- Landvarslan dregur fram ólíka styrkleika einstaklinga og oft er ekki mikill munur á landverði með réttindi og landverði án réttinda.
- Ólíkur bakgrunnur auðgar heildina og er sterkt fyrir landverði
- Landvarðastarfið þarf að skilgreina betur til að hægt sé að móta menntunina.
- Spurning er hvort setja eigi meiri kröfur á skyndihjálpi og skyndihjálpi í óbyggðum
- UST námskeiðið mögulega mikið byggt á landvörslu eins og hún var áður.

Samantekt

Út frá þessum niðurstöðum er ljóst að auka þarf samræmi í menntun landvarða og koma henni í markvissara form. Þegar það verður gert þarf að passa að aðgengi að náminu sé gott. Það tryggir meðal annars þann fjölbreytta bakgrunn landvarða sem virðist vera ein mikilvægasti þáttur landvarðastéttarinnar samkvæmt niðurstöðu málpingsins.

Samskipti, fræðsla og náttúrutúlkun er greinilega mjög ofarlega í huga landvarða og styður við þá breytingu sem hefur orðið í landvörslu seinustu ár. Það er því nauðsynlegt að vinna markvisst með þessa þætti. Tryggja þarf að landverðir fái nægilega kennslu í fræðslu, upplýsingagjöf, náttúrutúlkun og almenn samskiptum varðandi náttúrvernd áður en þeir hefja störf. Hér skiptir einnig miklu máli að upplýsingar um svæðið sem viðkomandi starfar á sé aðgengilegt og sérstakur tími tryggður til að kynna sér svæðið. Góð þekking á svæðinu er grundvöllur þess að landverði finnist hann öruggur með sína fræðslu og upplýsingagjöf.

Hvað varðar uppsetningu á náminu virðist vera mikill áhugi fyrir því að byggja upp þrepaskipt nám með öflugum grunnnámi og framhaldsnámi í formi mismunandi sérhæfingar. Það virðist ekki vera forgangsmál hjá landvörðum að gera námið að hreinu háskólanámi enda myndi það takmarka aðgengi sem virðist vera einn af mikilvægust þáttum námsins. Að þessu sögðu virðist sem að landverðir séu að búa sig undir væntanlega Þjóðgarðastofnun og vill meirihlutinn að Þjóðgarðastofnun haldi utan um námið. Það vekur einnig athygli að öryggismál virðast ekki vera eins ofarlega í huga landvarða þegar kemur að menntun þeirra. Þetta er athyglisvert í ljósi þess að landverðir er oft fyrsta viðbragð í öryggismálum sérstaklega á hálendinu en einnig láglandinu. Vert er að skoða þessa afstöðu betur þar sem öryggismál verða seint tekin út úr landvarðastarfinu.

Þessar niðurstöður eru einungis byggðar á einu málþingi og að vissu leyti væri forsenda til að gera frekari rannsókn á menntun landvarða. Það er aftur á móti ekki hægt að horfa fram hjá því að málþingið er einn fjölmennasti viðburður sem Landvarðafélagið hefur haldið og að niðurstöðurnar eru nokkuð samhljóða um að auka þarf samræmi og markvissu í menntun landvarða. Við teljum því fulla forsendu fyrir því að endurskoða menntun landvarða út frá þeim niðurstöðum sem hér liggja fyrir.